

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Þingvallahreppi árið 2001.

1. gr.

Sveitarstjórn Þingvallahrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorpörgun- og sorphirðugjald) fyrir árið 2001.

2. gr.

Á íbúðarhús, sumarhús, öll fyrirtæki, lögaðila og aðra sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphreinsunar skv. 1. gr. skal sveitarstjórn skipa í flokka m.a. eftir áætluðu magni úrgangs. Sorphirðugjald flokkanna er sem hér segir:

	Sorpörgunargjald	Sorphirðugjald
	kr.	kr.
1. flokkur sumarhús	6.500	8.500
2. flokkur heilsárshús	7.500	8.500
3. flokkur gámaþjónusta 1	24.800	99.200
4. flokkur gámaþjónusta 2	49.600	198.400
5. flokkur gámaþjónusta 3	99.200	396.800
6. flokkur gámaþjónusta 4	148.8000	595.200

4. gr.

Sorphirðugjald greiðist til sveitarsjóðs Þingvallahrepps og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

5. gr.

Heimilt er að fella niður álagningu sorphirðugjalds þegar eigandi annast sjálfur alla hreinsun og förgun sorpsins enda leggi hann fram samning við aðila, sem hefur til þess tilskilin starfsleyfi, til staðfestingar sorpförgun og sýni fram á að hann hafi yfir að ráða búnaði sem hæfi sorphirðunni.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem byggir á samþykkt um sorphirðu í Þingvallahreppi frá 20. febrúar 2001, er samin og samþykkt af sveitarstjórn Þingvallahrepps, samþykkt af heilbrigðisnefnd Suðurlands, er hér með staðfest í samræmi við 25. gr. laga nr. 7/1988 um hollustuhætti og mengunarvarnir ásamt síðari breytingum, til þess að gilda fyrir árið 2001.

Sveitarstjórn Þingvallahrepps, 19. febrúar 2001.

Ragnar Jónsson.